

**Ed.**

**158. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

Á eftir 9. gr. komi ný grein, sem verður 10. gr., svo hljóðandi:

Nú er maður smitberi eða grunaður um að vera smitberi einhvers þess sjúkdóms, er getur um í 2. gr., og er heilbrigðisstjórninni þá heimilt, þegar henni þykir ástæða til, að fara með hann eins og hann væri haldinn af þeim sjúkdómi.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.